

Nr. 21.
3.
október.

Lög

um

verðlaun fyrir útflutt smjör.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rjett til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða fjelag, er flytur út í einu lagi til sölu erlendis 300 pund eða meir af íslenzku smjöri, er nær verði því, sem til er tekið í 2. gr.

2. gr.

Verðlaunin miðast við hæsta verð smjörmatnefndarinnar dönsku í Kaupmannahöfn fyrir þá viku, sem hið íslenzka smjör er selt í, þannig að smjör, sem selst 26 aurum eða meir undir þessu matsverði, fær engin verðlaun, en seljist það 25—21 eyri undir matsverðinu, eru verðlaun veitt 5 aurar á hvert danskt pund, og er smjörið er selt 20 aura eða minna undir matsverðinu, þá 10 aura á pundið.

3. gr.

Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til landshöfðingja, og færir skilríki fyrir rjetti sínum til þeirra. Skilríki þau eru: farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, og sýni hún þyngd þess með umbúðum og tölu íláta, sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og eigin vottorð við drengskap og samvizku um, að þyngd og verð smjörsins sje rjett tilgreint á sölureikningnum.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu eigi komin til landshöfðingja, þegar fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er salan fór fram, og verður umsókn sú eigi til greina tekin.

Nr. 21. Lög 3. október um verðlaun fyrir útflutt smjör.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

om

Udførselspræmie for Smør.

Nr. 21.
3die
Oktober.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ret til Præmie af Landskassen har enhver Person eller Selskab, som paa eengang udfører til Forhandling udenlands 300 Pund islandsk Smør eller derover, der opnaar den i § 2 fastsatte Pris.

§ 2.

Præmien retter sig efter det danske Smørudvalgs Topnotering i København for den Uge, i hvilken det islandske Smør er solgt, saaledes at Smør, som sælges til en Pris, der er 26 Øre eller mere under Noteringen, opnaar ingen Præmie, men sælges det 25—21 Øre under Noteringen, bevilges en Præmie af 5 Øre for hvert dansk Pund, og sælges Smørret 20 Øre eller mindre under Noteringen, saa 10 Øre pr. Pund.

§ 3.

Den, som ønsker at erholde Præmie, indgaar til Landshøvdingen med et Andragende derom, ledsaget af Bevisligheder for hans Adkomst dertil. Disse Bevisligheder ere: et af den Skibsfører, som udførte Smørret, udstedt Konnossement, der udviser dets Bruttovægt og Antallet af Beholdere; en af Forhandleren undertegnet Salgsregning samt egen Erklæring paa Tro og Love om, at Smørrets Vægt og Pris er rigtig anført i Salgsregningen.

Saafernt et Andragende om Udførselspræmie for Smør ikke er indkommet til Landshøvdingen inden fulde 9 Maaneders Forløb fra Salget, kommer det ikke i Betragtning.

Nr. 21. Lov af 3die Oktober om Udførselspræmie for Smør.

Nr. 21.

4. gr.

3. Landshöfðingi sker úr um gildi skirteina þeirra, er að skilyrði eru sett, sam-
október. kvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög
um verðlaun fyrir útlutt smjör 11. nóvember 1899.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amalíuborg, 3. október 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

§ 4.

Landshøvdingen bedømmer Gyldigheden af de ifølge § 3 betingede Bevisligheder og uddeler Præmien.

Nr. 21.
3die
Oktober.

§ 5.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1904, fra hvilken Tid Lov om Udførselspræmie for Smør af 11te November 1899 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.